



MYND2GH05

Kennsluáætlun – haustönn 2015

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennarar áfangans:

Ágústa Ragnarsdóttir (ARA), agustaragnarsdottir@gmail.com

Áfangalýsing:

Í áfanganum kynnast nemendur grunninum í grafískri hönnun. Farið verður í mikilvægi skissu- og hugmyndavinnu, leturfræði, vörumerkjahönnun sem og helstu forsendur við hönnun á veggspjöldum, auglýsingum og bæklingum.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- mikilvægi skissu- og hugmyndavinnu sem undanfara alls
- helstu leturflokkum
- hugmyndafræði vörumerkjahönnunar
- helstu forsendum við uppbyggingu á veggspjöldum, auglýsingum og bæklingum

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skissu- og hugmyndavinnu einn sér og í hóp
- leturnotkun, bæði handunninni og tölvugerðri
- þróa einfalt vörumerki
- setja upp einfalt veggspjald, auglýsingu og bækling.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- koma hugmyndum sínum myndrænt á blað í skissuformi.
- velja letur sem hæfir hverju verkefni (stærð, læsileiki, lögun)
- ræða og rökstyðja hugmyndir sínar
- setja upp einfalda bæklinga, veggspjöld og auglýsingar.

Kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

Kröfur og verkefnaskil

- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín.
- Nemendur fá í hendur skissubók sem gegnir veigamiklu hlutverki út önnina.
- Áfanginn í próflaus símatsáfangi. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 6500 kr. og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst eða síðasta lagi fyrir 1. sept. 2015.

Vægi námsþátta í vetrareinkunn

- Mappa (5%)
- Skissubók (20%)
- Leturfræði (25%)
- Vörumerki (20%)
- Veggspjald (10%)
- Auglýsing (10%)
- Bæklingur (10%)

Tímaáætlun verkþátta

- Mappa: 21. - 26. ág.
- Leturfræði: 28. ág. - 2. okt.
- Vörumerki: 5. okt. - 30. okt.
- Veggspjald (10%)
- Auglýsing (10%) - Þessi þrír þættir 2. nóv. - 4. des. samtals 30%
- Bæklingur (10%)

Annað

- Tölvur og símar leyfðir í tímum enda mikilvæg vinnutæki. Nemendur eru þó beðnir um að lágmarka notkun á samfélagsmiðlum, símtölum og skilaboðum hvers konar og einbeita sér sem mest að sköpuninni og vinnunni.
- Kennsluáætlun gerð með fyrirvara um breytingar.